

sjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Sveinbjörns Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Keflavíkur 15. okt. 1948.

Vitnið Björn Sigurðsson lækni hefur fyrir réttinum viðurkennt að hafa skrifað bréf til landlæknis, þar sem hann kveðst hafa orðið þess áskynja, að kona nokkur, sem kallaði hann til sín sem lækni, hafi fengið um tveggja mánaða gömlu fóstri sínu eytt í lækningastofu í Reykjavík nú fyrir nokkrum vikum síðan. Hins vegar kveðst vitnið ekki vilja upplýsa um, hver kona þessi sé, þar sem þetta sé trúnaðarmál hans sem lækni gagnvart konunni, sem sérstaklega hafði beðið hann fyrir það. Telur vitnið sig bundinn þagnarskyldu samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/1932 um réttindi og skyldur lækna.

Dómarinn lítur hins vegar svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái ekki til málsatriða þeirra, sem hér eru til rannsóknar, sem er uppljóstrun meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa nafn umræddrar konu sem og hver hún er og hvar búsett.

Því úrskurðast:

Vitninu Birni Sigurðssyni lækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Mánudaginn 20. marz 1950.

Nr. 79/1949. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Karli G. Magnússyni (Ólafur Þorgrímsson).

Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Alfreð Gíslason, lögreglustjóri í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Úrskurði þessum hefur ákærvaldið skotið til Hæstaréttar eftir ósk vitnisins Karls G. Magnússonar, héraðslæknis í Kefla-

vík. Hefur honum verið stefnt, og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Stúlka sú, sem gaf stefnda í skyn, að fóstri hennar hefði verið eytt af lækni, er nú gift erlendum manni og búsett í Ameríku. Hún lét þess ekki getið við stefnda, hvaða læknir hefði framkvæmt fóstureyðinguna.

Vitneskju þeirri, sem stefndi er krafinn vættis um, var honum trúað fyrir í læknisstarfa sínum. Þetta trúnaðarsamband sjúklings við lækni þykir vera svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að ekki séu efni til að rjúfa það í þessu máli.

Verður stefnda því ekki gert skylt að gefa þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Keflavíkur 2. okt. 1948.

Vitnið Karl G. Magnússon héraðslæknir hefur borið það hér fyrir réttinum, að til sín hafi leitað stúlkur í þeim erindum, að hann sem læknir eyddi fóstri þeirra með lyfjum eða öðru, og hafi hann síðar veitt því athygli, að þær hafi ekki alið barn á eðlilegum tíma. Einkum segist hann muna eftir einni stúlku, sem hafi síðar gefið sér í skyn, að hún hafi fengið fóstri sínu eytt, og viti vitnið nafn þessarar stúlku, sem reyndar sé nú gift og búsett í Ameríku. Vitnið telur sig bundið þagnarskyldu samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932.

Dómarinn lítur svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái ekki til málsatriða þeirra, sem hér eru í rannsókn, sem er uppljóstrun

meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa nafn þessarar stúlku og hver hún sé.

Því úrskurðast:

Vitninu Karli G. Magnússyni héraðslækni er skylt að gefa framan-
greindar upplýsingar.

Mánudaginn 20. marz 1950.

Nr. 80/1949. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Gunnari Jóhannesi Cortes (Egill Sigurgeirsson).

Læknir krafinn vættis um málefni, sem hann fékk vitneskju um í starfi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Pórður Björnsson, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Ákærvaldið hefur skotið úrskurðinum til Hæstaréttar eftir ósk vitnisins Gunnars Jóhannesar Cortes, læknis í Reykjavík. Hefur honum verið stefnt, og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Samkvæmt framburði stefnda fyrir dómi, getur hann ekki fullyrt, hvort stúlka sú, er í málinu greinir, hafi skýrt honum frá nafni læknis þess, sem hún kveður hafa eytt fóstri hennar, en hins vegar tjáir stefndi sig vita nafn stúlku þessarar. Þá vitneskju, sem hann er hér krafinn vættis um, fékk stefndi í læknisstarfi sínu, og var hún því trúnaðarmál hans. Þetta trúnaðarsamband sjúklings við lækni þykir vera svo mikilvægt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að ekki séu efni til að rjúfa það í þessu máli. Verður stefnda því ekki gert skylt að gefa þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.